

Á-H-R-I-F

engilsaxnesku kyrkjunnar á hina norrænu.

BROT ÚR RITDÓMI EFTIR ÞORSTEIN ERLINGSSON.

[Það eru ekki mörg nátiðar rit, sem fræða oss Íslendinga um uppruna kyrkjunnar íslenzku, eða gjöra neitt ljósari þá viðburði, er skeðu í lok 10. aldar á Norðurlöndum. Á íslenzku máli hefir sem næst ekkert verið um það skrifsað, og er það þó einhver þýðingarmesti kafli sögunnar. Að undanskilinni ritgjörð Dr. Björns Ólsens um kristnitökuna á Íslandi árið 1000, mun mega fullyrða, að ekkert sé til um það mál, nema ef telja skyldi rófu þá, sem hnýtt er aftan í Bibliusögur Tangs eða Balslevs fyrir „góðu börnin“ að lesa og læra. Á útlendum málum hefir þó margt verið ritað, er snertir þenna sérstaka kafla sögunnar, og er margt af því einkar skemintilegt og fróðlegt. Fæst af því mun þó fólk vera kunnugt almennt, enda eru fáir, sem bjargast geta við útlenzk fræði.

Grein sú, sem hér fylgir, er brot úr löngum ritdómi um útlenzkar bækur, er góðskáldið og snillingurinn Þorsteinn Erlingsson samdi endur fyrir löngu, og kom sá ritdómur út í Tímariti Bókmennatafélagsins. Það er nokkurn veginn áreiðanlegt, að fáir hafa lesið þessa ritgjörð hér vestra, og enn fremur ekki ólöklegt, að þeir, er kunna að hafa lesið hana, muni nú farnir að gleyma henni.

Útdráttur þessi er yfirlit yfir bók eftir norskan höfund, A. Taranger, um áhrif engilsaxnesku kyrkjunnar á hina norrænu. — Fyrri hluti greinarinnar er um viðskifti Engla og Norðmanna á Víkingaöldinni, og sýnir fram á, hversu viðkynningin jókst allt af eftir því, sem farnar voru fleiri ferðirnar, og að lokum, hvern þátt Englar áttu í kristnitöku og síðaskiftum Norðmanna. Eftir að kristni er í lög tekin, álistur Taranger, að norræna kyrkjan hafi algjörlega verið sniðin eftir þeirri engilsaxnesku. En greinahöfundurinn sýnir fram á, að þeim skoðunum sé vísá mótmælt og það með rökum. En hitt ræður að líkum, að norræna kristnum hafi mikil sótt til hinnar ensku.

Hér vestra, þar sem vér Íslendingar höfum jafn mikil mök